

Þessu verkefni má skila með ýmsum hætti, vista skjalið með þínu nafni og skrifa svörin í það og setja í skilakassa. Það má líka afrita verkefnið inn í tölvupóst og skila þar. Svo má líka skrifa svörin á blað og koma svörunum til mín í pósthólf í VMA.

**Nafn:**

1 Hvað heita frumefnin með þessi frumefnatákn, **finndu bæði íslensk heiti og á ensku** (hér gæti verið hægt að leita á netinu að frumefni og á ensku að elements) ?

C	O	H	N
Si	S	Cl	P
Rb	Ne	Na	Ca

2 Hver er munurinn á atómi = frumeind og sameind = mólikúl?  
Atóm er .. en sameind er...

3 Dalton bræðurnir koma fyrir í Lukku Láka bókunum. Hver eru helstu atriðin í atómkenningu Daltons, teldu upp að minnsta kosti þrjú atriði í kenningu hans?

4 Skrifaðu stutta útskýringu við hvert atriði hér að neðan, ekki endilega mjög formlega skilgreiningu en einhverja skýringu sem þú skilur helst sýna líka dæmi.

Frumefni

Sameind

Efnasamband

Gas / lofttegund

Suðumark

5 Ástandsbreyingar. Notaðu þessi orð: bráðnun, bræðslumark, storknun, storknunarmark, suða, suðumark, þétting, þéttingarmark til að lýsa þessu.

Hvað kallast það:

ferlið þegar fast efni verður að vökva =

hitastig þegar vökvi verður að gasi =

ferlið þegar gas verður að vökva =

hitastig þegar vökvi breytist í fast efni =

ferlið þegar vökvi breytist í fast efni =

ferlið þegar vökvi breytist í gas / lofttegund =

hitastig þegar fast efni verður að vökva

**Kveðja. Jóhannes**